



# Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

**Ríkisendurskoðun**

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2019



September 2020

# Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Þjóðgarðsins á Þingvöllum fyrir árið 2019.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi Þjóðgarðsins á Þingvöllum og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest. Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.

Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.

Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum var síðast endurskoðaður vegna ársins 2015.

# Efnisyfirlit

<b>1</b>	<b>Ábendingar og athugasemdir</b>	<b>4</b>	<b>5</b>	<b>Endurskoðun rekstrarliða</b>	<b>10</b>
<b>2</b>	<b>Fjárveitingar og rekstur</b>	<b>5</b>	5.1	Rekstrartekjur	10
3.1	Fjárveitingar	5	5.2	Rekstrargjöld	11
2.1	Rekstraráætlun	6	5.3	Framlag ríkissjóðs	12
2.2	Niðurstöður/ábendingar	6	<b>6</b>	<b>Endurskoðun efnahagsliða</b>	<b>13</b>
<b>3</b>	<b>Innra eftirlit</b>	<b>7</b>	6.1	Eignir	13
3.1	Inngangur	7	6.2	Eigið fé og skuldir	15
3.2	Umfjöllun	7	6.3	Niðurstöður/ábendingar	15
3.3	Niðurstöður/ábendingar	8	<b>7</b>	<b>Önnur atriði</b>	<b>16</b>
<b>4</b>	<b>Fylgni við lög og reglur</b>	<b>9</b>	7.1	Samþykkt ársreiknings	16
4.1	Inngangur	9	7.2	Lögfræðibréf	16
4.2	Ferðakostnaður	9	7.3	Óhæðisyfirlýsing	16
4.3	Fundagjöld	9	7.4	Umfang endurskoðunar, yfirlýsing	16
4.4	Risna	9	7.5	Atburðir eftir reikningskiladag	16
4.5	Opinber innkaup	9			
4.6	Innkaupakort	9			
4.7	Virðisaukaskattur og endurgreiðslur	9			
4.8	Niðurstöður	9			

# 1 Ábendingar og athugasemdir

Vakin er athygli á eftirfarandi ábendingum.

Óska þarf eftir því við þjónustuaðila LSOne kassakerfis að bætt verði úr veikleika í kerfinu þannig að fjárstreymisskýrslur úr kerfinu sýni réttar niðurstöður í öllum tilvikum og summutölur séu réttar og í samræmi við skráningu í Orra. Einnig þarf að bæta skönnun fylgigagna.

Helstu verkferlar og innra eftirlit sem snýr að öflun og innheimtu tekna verði betur skjalfestir og ábyrgðasvið skilgreind.

Staðfesta þarf talningalista vegna birgðatalningar af starfsmanni sem ber ábyrgð á birgðahaldi auk þess að æskilegt væri að fjármálastjóri kæmi að birgðatalningu og staðfestingu á henni.

## 2 Fjárveitingar og rekstur

### 3.1 Fjárveitingar

#### 3.1.1 Fjárveiting – heimild til rekstrar

Fjárveiting<sup>1</sup> ársins 2019 til Þjóðgarðsins á Þingvöllum til reksturs nam 106,5 m.kr. eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum 2019. Til viðbótar þeirri fjárveitingu bætist við 15,4 m.kr. fjárveiting í fjárukalögum vegna afskrifta. Endanlegar fjárveitingar til Þjóðgarðsins á Þingvöllum námu því 121,9 m.kr.

Gjöld að frádragnum tekjum námu 106,9 m.kr. og voru því um 15,0 m.kr. innan fjárveitinga á árinu 2019. Gjöld að frádragnum sértekjum lækkuðu um 10,1 m.kr. milli ára. Helstu breytingar á rekstrarliðum frá fyrra ári var hækkun á rekstrartekjum um 89,8 m.kr., lækkun launagjalda um 13,6 m.kr. og önnur rekstrargjöld hækkuðu um 84,9 m.kr..

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárveitingum og rekstri á árinu 2019 og rekstri árið 2018:

<sup>1</sup> Fjárveitingar samkvæmt orðskýringum í 5. tl. 3. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál eru ráðstöfun fjárheimildar á tilteknu fjárlagaári til ríkisaðila, verkefna eða varasjóðs. (En fjárheimild

Tafla 1 Samanburður á fjárveitingum og rekstri 2019

Í þús. kr.	Fjárveiting 2019	Rekstur 2019	Frávik 2019	Rekstur 2018
Rekstrartekjur	-599.800	-734.747	134.947	-645.008
Launagjöld	456.300	341.840	114.460	355.395
Rekstrargjöld	250.000	484.426	-234.426	399.543
Eignakaup, fyrning	15.424	15.424	0	7.065
<b>Samtals</b>	<b>121.924</b>	<b>106.943</b>	<b>14.981</b>	<b>116.995</b>

#### 3.1.2 Fjárveiting – heimild til rekstrar

Fjárfestingaframlag ársins 2019 til Þjóðgarðsins á Þingvöllum nam 248,7 m.kr. eins og kemur fram í fylgiriti með fjárlögum 2019. Til viðbótar þeirri fjárhæð fékk Þjóðgarðurinn 15,0 m.kr. framlag úr Framkvæmdaáætlun landsáætlunar um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum á vegum Umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Kaup á eignum og nýframkvæmdir námu 116,4 m.kr. á árinu 2019. Staða fjárfestingaframlags í árslok nam 209,4 samanborið við 62,2 m.kr. í upphafi

er heimild Alþingis, sem veitt er í fjárlögum og fjárukalögum, til ráðstöfunar á opinberu fé til málefnasviða og málaflokka.)

árs sem er hækkun um 147,3 m.kr. eða sem nemur ónotaðri fjárveitingu til fjárfestinga á árinu 2019.

## **2.1 Rekstraráætlun**

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar og hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins.

Rekstraráætlun Þjóðgarðsins á Þingvöllum fyrir árið 2019 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins (Orra). Rekstraráætlun gerði ráð fyrir 58,4 m.kr. tekjuafgangi árið 2019 en tekjuafgangur ársins varð nokkuð lakari eða 15,0 m.kr.

## **2.2 Niðurstöður/ábendingar**

Á árinu 2019 var rekstur Þjóðgarðsins á Þingvöllum 15,0 m.kr. innan fjárveitinga. Uppsafnaður neikvæður höfuðstóll nam 55,2 m.kr. í árslok 2019. Rekstraráætlanir eru skráðar í fjárhagskerfi ríkisins (Orra).

## 3 Innra eftirlit

### 3.1 Inngangur

Þjóðgarðsvörður Þingvallabjóðgarðs ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits hjá stofnuninni. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

### 3.2 Umfjöllun

Við mat á innra eftirliti Þingvallabjóðgarðs voru fengnar upplýsingar um skipulag og verkferla og reyndist innra eftirlit almennt vera í lagi og góð umgengni um gögn. Skipurit er til fyrir stofnunina. Skráðar verklagsreglur eru um uppgjör á afgreiðslukössum, reglur um innkaup og skilgreind ábyrgð er á innkaupakortum. Þjóðgarðurinn aflar umtalsverðra sértekna í starfsemi sinni og eru ekki til staðar verkferlar fyrir tekjuleiðir ef undan eru skilin uppgjör á afgreiðslukössum. Ríkisendurskoðun bendir á að úr þessu megi bæta. Þjóðgarðurinn nýtir sér einnig þjónustu Ríkiskaupa og Framkvæmdasýslu ríkisins við stærri verkefni. Þingvallabjóðgarður er í bókhalds- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins er notað við vinnslu á bókhaldi og launaafgreiðslu. Viðverukerfið Vinnustund er notað fyrir skráningu á viðveru og fjarvistum starfsmanna. Eignir eru skráðar í eignaskrárkerfi ORRA.

Rekstur þjóðgarðsins er fjármagnaður að stærstum hluta með sértekjum. Þjónusta og rekstur þjóðgarðsins fer að mestu fram í þjónustumiðstöð þjóðgarðsins á Leirum og í gestastofunni á Hakinu. Stór hluti sértekna er innheimtur með LSONe kerfi sem tengist beint inn í Orra, en engin fylgigögn eru á bak við rafrænar færslur. Advania er þjónustuaðili LSONe. Hægt er að

taka út fjárstreymisskýrslur fyrir afmörkuð tímabil. Við endurskoðun kom fram að millisummur fjárstreymisskýrslna stemmdu ekki við færslur í skýrslum. Heildarvelta LSONe 2019 samkvæmt fjárstreymisskýrslum var 477,8 m.kr. en var 477,4 m.kr. ef millisummur voru ekki reiknaðar með eða mismunur upp á 0,4 m.kr eða 0,09%. Samkvæmt upplýsingum frá Advania þá stafar villan af óþekktum kredit- og debetkortum þar sem GSM-posar þjóðgarðsins geta ekki greint þá fjármálaþjónustustofnun sem gefur út kortin. Með tilliti til þeirrar veltu sem fer í gegnum LSONe kerfið er bent á mikilvægi þess að undirskýrslur kerfisins séu réttar eða mismunur skýrður skilmerkilega. Einnig er bent á að slóðir í kerfinu eru ekki auðraktar og bæta má lýsingar og verkferlaskráningu í kringum kerfið. Einnig má bæta skönnun fylgigagna vegna færslna úr LSONe í Orra.

Á miðju árinu 2018 var samið við þjónustufyrirtæki til reynslu um umsjón og innheimtu bílastæðagjalda í þjóðgarðinum. Mynd er tekin af skráningarnúmeri bifreiðar þegar hún kemur á bílastæði þjóðgarðsins. Gestir þjóðgarðsins geta greitt á staðnum í sérstökum greiðsluvélum eða fengið innheimtuseðil í heimabanka. Þjónustufyrirtækið fær síðan umboðspóknun sem er í hlutfalli af veltu bílastæðagjalda. Fyrir hönd þjóðgarðsins héldu Ríkiskaup útboð á framangreindri þjónustu og tekur annar þjónustuaðili við umsjón þjónustu og gjaldtöku bílastæðagjalda á árinu 2020.

Fjársýsla ríkisins sér um útgáfu reikninga í AR hluta Orra og innheimtu vegna lóðarleigu sumarhúsa svo og vegna þjónustutekna af samningum vegna köfunar í Silfru.

### 3.3 Niðurstöður/ábingingur

Endurskoðun á virkni innra eftirlits Þingvallabjórðgarðs er án athugasemda og almennt vel staðið að umsýslu og utan umhaldi gagna. Ríkisendurskoðun leggur þó til að unnið verði að því að bæta eftirfarandi þætti í innra eftirlitsumhverfi Þjóðgarðsins:

Óska þarf eftir því við þjónustuaðila LSOne kassakerfis að bætt verði úr veikleika í kerfinu þannig að fjárstreymisskýrslur úr kerfinu sýni réttar niðurstöður í öllum tilvikum og summutölur séu réttar og í samræmi við skráningu í Orra. Einnig þarf að bæta skönnun fylgigagna.

Helstu verkferlar og innra eftirlit sem snýr að öflun og innheimtu tekna verði betur skjalfest og ábyrgðasvið skilgreind.



## 4 Fylgni við lög og reglur

### 4.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun er tekið mið af því hvort rekstur þjóðgarðsins hafi verið í samræmi við lög og reglugerðir sem um hann gilda varðandi fjárreiður og bókhald. Um fjárveitingar er fjallað sérstaklega í kafla 3. Eftirfarandi liðir voru teknir til skoðunar vegna ársins 2019.

### 4.2 Ferðakostnaður

Samkvæmt athugun á úrtaki ferðareikninga er reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins fylgt og það á einnig við um uppgjör slíkra ferða.

### 4.3 Fundagjöld

Skoðuð voru úrtök reikninga vegna fundargjalda og voru þeir samþykktir af þjóðgarðsverði og tilefni funda staðfest.

### 4.4 Risna

Risnureikningar voru skoðaðir án athugasemda. Risnuheimild og tilefni til staðar.

### 4.5 Opinber innkaup

Verklagsreglur um innkaup fyrir þjóðgarðinn á Þingvöllum eru til staðar og nýtir þjóðgarðurinn sér þjónustu Ríkiskaupa m.a. vegna útboðs um gjalddöku bílastæðagjalda.

### 4.6 Innkaupakort

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum nýtir sér innkaupakort og gilda um þau almennar reglur fjársýslu ríkisins. Handhafar innkaupakorta eru þjóðgarðsvörður, rekstrarstjóri og fjármálastjóri.

### 4.7 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur

Bókun og merking reikninga sem bera VSK eru í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Inneign vegna endurgreiðslu VSK færast til eignar á viðskiptareikningi stofnunarinnar við ríkissjóð.

### 4.8 Niðurstöður

Ekki verður annað séð en þjóðgarðurinn á Þingvöllum fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald.

## 5 Endurskoðun rekstrarliða

Tafla 2 Rekstraryfirlit 2019

Í þús.kr.	2019	2018	Breyting
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Þjónustu- og leigutekjur	-317.795	-265.904	-51.892
Vörusala	-384.612	-359.573	-25.039
Aðrar tekjur	-12.879	-533	-12.346
Lóðarleiga	-19.460	-18.998	-462
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>-734.747</b>	<b>-645.008</b>	<b>-89.738</b>
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld	340.514	353.666	-13.152
Vörukaup	197.418	184.747	12.671
Ferðakostnaður og akstur	22.221	22.031	190
Aðkeypt þjónusta	129.137	86.617	42.520
Húsnæðiskostnaður	112.846	104.563	8.283
Annar rekstrarkostnaður	24.342	25.136	-794
Eignakaup, tilfærslur og afskriftir	15.798	7.132	8.665
Birgðir	-586	-21.890	21.304
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>841.690</b>	<b>762.003</b>	<b>79.687</b>
Framlag ríkissjóðs	-121.924	-112.965	-8.959
<b>Tekjur umfram gjöld</b>	<b>-14.981</b>	<b>4.030</b>	<b>-19.011</b>

Samkvæmt niðurstöðu rekstrarreiknings fyrir árið 2019 námu tekjur umfram gjöld 15,0 m.kr. samanborið við 4,0 m.kr. halla árið áður. Rekstrargjöld að meðtöldum fjármagnsliðum námu 841,7 m.kr. og hækkuðu um 79,7 m.kr. milli ára. Rekstrartekjur námu 734,8 m.kr. og hækkuðu um 89,8 m.kr. frá fyrra ári eins og kemur fram í töflu 2.

### 5.1 Rekstrartekjur

#### 5.1.1 Þjónustu- og leigutekjur

Þjónustu- og leigutekjur námu 317,8 m.kr. á árinu 2019 og hækkuðu um 51,9 m.kr. frá fyrra ári. Þjónustu- og leigutekjur samanstanda af aðgangseyri sýningar þjóðgarðsins „Þingvellir – Hjarta lands og þjóðar“ 8,5 m.kr., leigu á tjaldsvæðum 19,6 m.kr., veiðileyfi í Þingvallavatni 9,4 m.kr. og gjaldtöku bílastæða 186,5 m.kr. Framangreindir tekjuliðir að gjaldtöku bílastæða undaskildu eru að mestu innheimtir í gegnum LSONe kassakerfi sem tengist beint inn í Orra. Gjaldtaka bílastæða fór fram í gegnum kerfið Computer Vision en þjóðgarðurinn samdi við Computer Vision um sjálfvirka greiðslu bílastæðagjalda til reynslu á árinu 2018. Eftir útboð Ríkiskaupa tók nýr aðili við á árinu 2020. Gjaldtaka hjá ferðaþjónustufyrirtækjum vegna köfunar nam 93,8 m.kr. en fyrirtækin greiða samkvæmt útsendum reikningum. Endurskoðun þjónustu- og leigutekna fór fram með greiningum, skoðunum og fyrirspurnum og var án athugasemda.

#### 5.1.2 Vörusala

Tekjur af vörusölu námu 384,6 m.kr. og hækkuðu um 25,0 m.kr. frá fyrra ári. Um var að ræða veitingasölu 204,9 m.kr., sölu á ýmsum vörum, minjagripum

og fatnaði 143,1 m.kr. og sölu á bókum 36,6 m.kr. Innheimta fór fram í gegnum LSONe kassakerfi sem tengist beint við Orra. Endurskoðun tekna af vörusölu fór fram með greiningum, skoðunum og fyrirspurnum og var án athugasemda.

### 5.1.3 Aðrar tekjur

Aðrar tekjur námu 12,9 m.kr. á árinu 2019 samanborið við 0,5 m.kr. árið áður, er um að ræða m.a. framlög stofnana og sveitarfélaga vegna vöktunar Þingvallavatns. Þjóðgarðurinn tók við vöktuninni af Umhverfisstofnun árið 2019 sem skýrir að hluta mismun á tekjum milli ára. Einnig er um að ræða hlutdeildarframlög vegna kostnaðar þjóðgarðsins við nýframkvæmdir og vaxtatekjur. Endurskoðun annarra tekna fór fram með greiningum, skoðunum og fyrirspurnum og var án athugasemda.

### 5.1.4 Lóðarleiga

Tekjur af lóðarleigu námu 19,5 m.kr. og eru vegna leigu á lóðum undir sumar- / frístundarhús innan þjóðgarðsins. Innheimta lóðarleigugjalds fer fram þrisvar á ári samkvæmt útsendum reikningum. Endurskoðun lóðarleigu fór fram með greiningum og skoðunum og var án athugasemda.

## 5.2 Rekstrargjöld

### 5.2.1 Launagjöld

Laun og launatengd gjöld námu 340,5 m.kr. á árinu 2019 og lækkuðu um 13,1 m.kr. á milli áranna 2018 og 2019. Endurskoðun launagjalda fór fram með greiningum, úrtaksskoðunum og fyrirspurnum og er án athugasemda.

### 5.2.2 Vörukaup

Vörukaup námu 197,4 m.kr. og hækkaðu um 12,7 m.kr. milli ára. Um er að ræða vörukaup vegna vörusölu þjóðgarðsins m.a. veitingasölu, bóka, minjagripa og fatnaðar. Endurskoðun fór fram með greiningum og úrtaksskoðunum og var án athugasemda.

### 5.2.3 Ferða- og aksturskostnaður

Kostnaður vegna funda, ferða, aksturs og risnu nam 22,2 m.kr. á árinu 2019 og breytist lítið frá fyrra ári. Endurskoðun fór fram með greiningum, úrtaksskoðunum og fyrirspurnum og var án athugasemda.

### 5.2.4 Aðkeypt þjónusta

Kostnaður vegna aðkeyptrar þjónustu nam 129,1 m.kr. á árinu 2019 en var 86,6 m.kr. á fyrra ári og hækkar því um 42,5 m.kr. milli ára. Helstu kostnaðarliðir eru m.a. vegna þjónustusamnings um sjálfvirkt eftirlit og innheimtu vegna bílastæðagjalda, ýmis sérfræðiþjónusta vegna skipulags- og umhverfismála, þjónustugjöld fjármálastofnana, þjónustusamningar og hugbúnaðarþjónusta. Einnig er um að ræða kostnað vegna snjósmoksturs og annarra viðhaldsverkefna. Endurskoðun fór fram með greiningum, úrtaksskoðunum og fyrirspurnum og var án athugasemda.

### 5.2.5 Húsnæðiskostnaður

Kostnaður vegna húsnæðis nam 112,8 m.kr. samanborið við 104,6 m.kr. frá fyrra ári eða hækkun um 8,3 m.kr. Helstu kostnaðarliðir voru vegna húsaleigu, ræstinga, hreinlætisvara, sorphreinsunar, rafmagns, verkkaupa og fasteignagjalda. Endurskoðun fór fram með greiningum, úrtaksskoðunum og fyrirspurnum og var án athugasemda.

### 5.2.6 Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður nam 24,3 m.kr. samanborið við 25,1 m.kr. árið áður eða lækkuð um 0,8 m.kr. Kostnaður samanstendur af ýmsum rekstrarvörum þjóðgarðsins, starfsmannakostnaði, rekstri bifreiða, vöxtum, opinberum gjöldum, tilfærslu og afskrifta. Endurskoðun fór fram með greiningum, úrtaksskoðunum og fyrirspurnum og var án athugasemda.

### 5.2.7 **Birgðir**

Aukning birgða nam 0,6 m.kr. á árinu samanborið við 21,9 m.kr. árið áður. Endurskoðun fór fram með skoðun birgðalista og afstemmingum og var án athugasemda.

### 5.3 **Framlag ríkissjóðs**

Framlag ríkissjóðs á árinu 2019 nam 106,5 m.kr. auk 15,4 m.kr. framlags til afskrifta, samtals 121,9 m.kr.

## 6 Endurskoðun efnahagsliða

Tafla 3 Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Í þús.kr.	31.12 2019	31.12 2018	Breyting
Eignir:			
Óefnislegar eignir	363.797	0	363.797
Varanlegir rekstrarfjármunir	46.084	42.003	4.081
Aðrar eignir	896.312	6.025	890.288
Verk í vinnslu	42.744	1.199.900	-1.157.156
Birgðir	28.452	27.866	586
Viðskiptakröfur	99.267	81.748	17.519
Tengdir aðilar	67.361	29.731	37.630
Handbært fé	21.194	131.314	-110.120
<b>Eignir alls</b>	<b>1.565.212</b>	<b>1.518.586</b>	<b>46.625</b>
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	-55.220	-70.201	14.981
Tengdir aðilar	9.697	218.468	-208.771
Viðskiptaskuldir	26.483	35.503	-9.020
Ýmsar skammtímaskuldir	25.872	24.712	1.159
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda	1.558.380	1.310.104	248.276
<b>Eigið fé og skuldir alls</b>	<b>1.565.212</b>	<b>1.518.586</b>	<b>46.625</b>

Í árslok 2019 námu eignir 1.565,2 m.kr., eigið fé var neikvætt um 55,2 m.kr. og skuldir námu 1.620,4 m.kr.

### 6.1 Eignir

Eignfærsla fastafjármuna hefur verið gerð frá og með árinu 2017 ásamt öðrum breytingum í kjölfar setningar laga um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF). Eignir eru skráðar í eignaskrákerfi Orra. Afskriftahlutfall er breytilegt milli einstakra flokka eigna.

#### 6.1.1 Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir námu 363,8 m.kr. í árslok 2019. Hér er um að ræða sýningu „Þingvellir-Hjarta lands og Þjóðar“ fyrir gesti Þjóðgarðsins sem sýnir gestum samhengi sögu og náttúru Þingvalla. Sýningin er staðsett í Hakinu. Á árinu 2019 var kostnaður vegna sýningar færður úr flokknum verk í vinnslu yfir á óefnislegar eignir.

#### 6.1.2 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir námu 46,0 m.kr. á árinu 2019 og aukast um 4,1 m.kr. á milli ára. Um er að ræða áhöld, tæki, búnað og farartæki sem Þjóðgarðurinn hefur yfir að ráða.

### 6.1.3 Aðrar eignir

Aðrar eignir námu 896,3 m.kr. í árslok. Um er að ræða eignfærslu á kostnaði við stækkun gestastofu, gerð bílastæða og göngupalla sem færð voru úr flokknum verk í vinnslu á aðrar eignir. Eignafærsla vegna stækkunar gestastofu á Hakinu nam 715,6 m.kr.. Stækkun hefur bætt aðstöðu til almennrar upplýsingagjafar fyrir gesti þjóðgarðsins og annarrar aðstöðu s.s. fundaaðstaða, kvikmyndasalur og skrifstofur. Heildarflatarmál gestastofu er 1277 fermetrar. Eignfærsla bílastæða er 161,7 m.kr. en um er að ræða bílastæði fyrir 270 bíla. Eignfærsla göngupalla var 14,6 m.kr. á árinu 2019.

### 6.1.4 Verk í vinnslu

Kostnaður á verk í vinnslu nam 42,7 m.kr. í lok árs 2019 sem er 1.120 m.kr. lækkun frá fyrra ári og er vegna eignfærslu óefnislegra eigna og annarra eigna. Verk í vinnslu í lok árs 2019 eru m.a. vegna þriggja salernishúsa göngustíga og útsýnispalls við Gjábakka.

### 6.1.5 Birgðir

Verðmæti vörubirgða í árslok 2019 nam 28,5 m.kr. samkvæmt niðurstöðu bókhalds og hækkaði um 0,6 m.kr. frá fyrra ári. Birgðir samstanda af ýmsum söluvarningi s.s. minjagripum, fatnaði, bókum, kortum, drykkjum og matvælum. Birgðalistar eru í samræmi við bókhald í árslok 2019. Við skoðun birgðalista kom hins vegar ljós að þeir eru ekki sérstaklega samþykktir af starfsmanni sem ber ábyrgð á birgðahaldi. Óskað er eftir að sá aðili sem ber ábyrgð á birgðum staðfesti talningu auk þess að æskilegt væri að fjármálastjóri kæmi einnig að og staðfesti talningu í árslok.

### 6.1.6 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur námu 99,3 m.kr. á árslok 2019 sem er aukning um 17,5 m.kr. á milli ára. Þar af eru 45,0 m.kr. styrktarloforð frá umhverfis- og auðlindarráðuneyti vegna innviðaáætlunar m.a. gönguleiðir og salernishús í þjóðgarðinum, inneign hjá kortafyrirtækjum 37,1 m.kr. og útgefnir reikningar að upphæð 14,8 m.kr. Enginn mismunur var á stöðu

viðskiptakrafna í AR og GL í árslok. Við endurskoðun voru móttækjar greiðslur á ársbyrjun 2020 til greiðslu viðskiptakrafna yfirfarnar án athugasemda.

### 6.1.7 Tengdir aðilar

Kröfur vegna tengdra aðila námu 67,4 m.kr. í árslok 2019 samanborið við 29,7 m.kr. í árslok 2018. Um er að ræða stöðu gagnvart ríkissjóði en þar af er staða vegna orlofsskuldbindingar 8,7 m.kr.

Eignfærsla hjá ríkissjóði vegna orlofsskuldbindinga var gerð í árslok 2017 að fjárhæð 8,7 m.kr. Eignfærsla var gerð samkvæmt fyrirmælum Fjársýslu ríkisins.

### 6.1.8 Handbært fé

Handbært fé nam 21,2 m.kr. í árslok 2019 en var 131,3 m.kr. í árslok 2018. Handbært fé samanstendur af sjóðum á starfstöðvum þjóðgarðsins og bankareikningum. Ríkisendurskoðun sendi beiðni til fjögurra bankastofnana um staðfest yfirlit um viðskipti við þjóðgarðinn og bærust svör við því. Þjóðgarðurinn er með tvo bankareikninga og þrjú viðskiptakort. Bókhaldi bar saman við staðfest yfirlit frá bankastofnunum í árslok 2019.

## 6.2 Eigið fé og skuldir

### 6.2.1 Höfuðstóll

Eigið fé þjóðgarðsins var neikvætt um 55,2 m.kr. í árslok 2019 en var neikvætt um 70,2 árið áður. Breyting á höfuðstól nemur 15,0 m.kr. eða sem nemur tekjuafgangi ársins 2019.

### 6.2.2 Tengdir aðilar

Staða vegna tengdra aðila nam 9,7 m.kr. í árslok 2019. Um er að ræða útistandandi skuldir þjóðgarðsins í lok árs við ráðuneyti og A-hluta stofnanir. Skuldirnar voru gerðar upp og greiddar á árinu 2020.

### 6.2.3 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir námu 26,5 m.kr. í árslok 2019. Viðskiptaskuldir lækkuðu um 9,0 m.kr. frá fyrra ári. Enginn mismunur er á stöðu ógreiddra gjalda í AP og GL. Við endurskoðun voru greiðslur í ársbyrjun 2020 til greiðslu viðskiptaskulda yfirfarnar án athugasemda.

### 6.2.4 Ýmsar skammtímaskuldir

Ýmsar skammtímaskuldir námu 25,9 m.kr. í árslok 2019 og hækkuðu um 1,2 m.kr. frá fyrra ári. Helstu skuldir eru vegna orlofsskuldbindinga 23,4 m.kr. og vegna kerfislægrar færslu vegna launahækkana sem gert var ráð fyrir á árinu 2019 að samið yrði um í kjarasamningum á árinu 2020 2,3 m.kr.

### 6.2.5 Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda

Á árinu 2017 var byrjað að færa fyrir fram greiddar tekjur eða frestun tekjufærslu vegna fjárveitingar til fjárfestingar í framhaldi af þeirri breytingu að gjaldfæra einungis afskriftir af varanlegum rekstrarfjárumunum. Fram til

ársins 2017 voru kaup á eignum svo sem húsbúnaði, tækjabúnaði, tölvum og stærri eignum svo sem bifreiðum og fasteignum gjaldfærðar hjá stofnunum í A-hluta á kaupári og fjárveiting til kaupanna tekjufærð á sama ári. Frá og með 2017 eru slík kaup eignfærð og reiknaðar árlega afskriftir af eignum. Þær fjárveitingar sem eru til kaupanna eru því færðar skuldamegin í efnahagsreikningi að frádregnum þeim fjárheimildum sem eru færðar í rekstrarreikning á móti afskriftum.

Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda nam 1.558,4 m.kr. í árslok 2019 samanborið við 1.310,1 m.kr. í lok síðasta árs og er 248,3 m.kr. hækkun frá fyrra ári. Um er að ræða frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda og ónotaða fjárfestingaheimild í lok árs 2019.

Frestun tekjufærslu vegna fjárfestingaheimilda nam 1,348,9 m.kr. og hækkaði um 101 m.kr. milli ára en eignakaup og nýframkvæmdir námu 116,4 m.kr. á árinu 2019 og heimild til afskrifta nam 15,4 m.kr.

Ónotuð fjárheimild í árslok 2019 nam 209,4 m.kr. samanborið við 62,2 m.kr. í lok síðasta árs, sjá einnig umfjöllun í kafla 3.1.2

## 6.3 Niðurstöður/ábendingar

Taka þarf eftirfarandi atriði til skoðunar:

Staðfesta þarf talningalista vegna birgðatalningar af starfsmanni sem ber ábyrgð á birgðahaldi auk þess að æskilegt væri að fjármálastjóri kæmi að birgðatalningu og staðfestingu á henni.

# 7 Önnur atriði

## 7.1 Samþykkt ársreiknings

Ársreikningur Þjóðgarðsins á Þingvöllum var samþykktur af forstöðumanni þjóðgarðsins með rafrænni undirskrift 9. júlí 2020. Staðfestingarbréf stjórnenda, sem sent var til stofnunarinnar af Fjársýslu ríkisins, var einnig samþykkt og undirritað rafrænt af forstöðumanni þjóðgarðsins 3. júlí 2020.

## 7.2 Lögfræðibréf

Ekki var óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi að þessu sinni. Samkvæmt upplýsingum í staðfestingarbréfi stjórnenda voru engin málaferli í gangi sem kunna að hafa veruleg áhrif á fjárhagsstöðu sjóðsins.

## 7.3 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá þjóðgarðinum á Þingvöllum.

## 7.4 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá þjóðgarðinum á Þingvöllum var undirrituð af ríkisendurskoðanda og þjóðgarðsverði Þingvallarþjóðgarðs 4. mars 2020.

Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningskil þjóðgarðsins á Þingvöllum.

## 7.5 Atburðir eftir reikningskiladag

Ríkisendurskoðun vekur athygli á að rekstur Þjóðgarðsins á Þingvöllum fyrir fjárhagsárið 2020 og jafnvel næstu ára er ekki samkvæmt þeim áætlunum sem gerðar voru í lok ársins 2019 og upphafi ársins 2020. Ástæður þess er mikil fækkun ferðamanna á árinu vegna tilkomu farsóttar Covid-19 og óvissa um fjölda ferðamanna næstu misseri. Þjóðgarðurinn hefur gripið til aðgerða með því að segja upp þeim starfsmönnum sem starfa í verslun þjónustumiðstöðvar á Leirum og í gestastofunni á Hakinu, en afleiðing af fækkun ferðamanna var m.a. að mjög hefur dregið úr vörusölu. Fastur kostnaður og launakostnaður er hár í tengslum við vörusölu þjóðgarðsins og eru áætlanir uppi hjá þjóðgarðinum um að bjóða þennan hluta rekstrar út. Að sama skapi hefur dregið mjög úr gjaldtöku vegna bílastæða og köfunar en kostnaður vegna þeirrar starfsemi er frekar breytilegur og ekki eins háður því að starfsmenn komi að tekjuinnheimtunni með sama hætti og vegna annarra tekna sem innheimtar eru í þjóðgarðinum.





Ríkisendurskoðun  
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík  
Sími 488-8800

[postur@rikisendurskodun.is](mailto:postur@rikisendurskodun.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)